

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti
Vorönn 2008
Dagskóli



ÍSLENSKA 2024

Þriðjudaginn 13. maí 2008
kl. 8:15- 9:45

Nafn: _____

Kennitala: _____

Kennarar: Gestur Þór Sigurðss. ____ Guðrún Jónsd. ____ Halldís Ármannsd. ____

Prófið: 50% _____

Vetrarvinna: 50% _____

Lokaeinkunn: _____

Engin hjálpargögn leyfð!
Lestu öll fyrirmæli vandlega!
Prófið er 13 blaðsíður með forsíðu.

I. hluti. Íslendingaþættir (25%)

Krossaspurningar (6%)

Aðeins eitt rétt svar kemur til greina við hverri spurningu.

- 1. „Vaki þú, bróðir. Fátt veit sá er sefur. Eg veit tíðindi og heyrði eg áðan læti kynleg.“ Það sem Hreiðar heyrði var**
 - hróp í hermönnum.
 - gleðihljómur íbúanna.
 - hornablástur.
 - fallbyssuskot.
- 2. Hvers vegna þiggur Auðun ekki boð Sveins um að verða skutulsveinn hans?**
 - Hann ætlar til Grænlands aftur.
 - Hann ætlar að setjast að í Róm.
 - Hann lofaði Noregskonungi að koma aftur.
 - Hann ætlaði heim að finna móður sína.
- 3. Hver er þetta? „Hann var í skarlatskyrtli og hafði skarlatsskikkju yfir sér og var bandið uppi á höfðinu. Hann hafði öxi gullrekna í handarkrikanum.“**
 - Sveinn Danakonungur.
 - Brandur hinn örvi.
 - Þórður hirðmaður Magnúsar konungs.
 - Áki ármaður Sveins Danakonungs.
- 4. Danakonungur gaf Auðuni þrjár gjafir að skilnaði. Einni gjöfinni fylgdi það skilyrði að hann**
 - léti hana aldrei frá sér.
 - gæfi hana engum nema tignum manni sem hefði gert honum greiða.
 - gæfi páfanum í Róm hana.
 - keypti annað bjarndýr fyrir hana.
- 5. Hvað gerði Hreiðar þegar hann hafði sprengt hest sinn á leið til Haraldar konungs?**
 - Hann gafst upp og sneri heim á leið.
 - Hann og Þórður tvímenntu á hesti Þórðar.
 - Hann fór hlaupandi.
 - Hann teymdi hestinn smástund og fór svo aftur á bak.
- 6. Rannveig brýnir eiginmann sinn m.a. með þessum orðum: „Hvað ætlar þú að nú sé tíðast talað í héraðinu?“ Hver er eiginmaður hennar og hvað á hann að gera?**
 - Eiginmaðurinn er Magnús konungur og hann á að losa sig við hirðmann sinn sem hefur verið að áreita drottninguna.
 - Eiginmaðurinn er Þórður og hann á að losna undan kúgun bróður síns.
 - Eiginmaðurinn er Bjarni og hann á að hefna fyrir víg húskarla sinna.
 - Eiginmaðurinn er Brandur og hann á ekki að gera eins og konungur vill.

7. Lesinn texti (7%)

Lestu textann hér að neðan sem er úr Þorsteins þætti stangarhögg.

Þá gekk og Bjarni að **lokhvílu** þeirri er Þórarinn karl lá í. Þórarinn spurði þá hver þar færi en Bjarni sagði til sín.

„Hvað segir þú tíðinda Bjarni minn?“ kvað Þórarinn.

„Víg Þorsteins sonar þíns,“ kvað Bjarni.

„Varðist hann nokkuð?“ kvað Þórarinn.

„Engan mann ætla eg **snarlegra** verið hafa í vopnaskipti en Þorstein son þinn.“

„Eigi er kynlegt að því,“ kvað karl, „að þungt veitti við þig í Böðvarsdal er þú barst nú af syni mínum.“

Þá mælti Bjarni: „Eg vil bjóða þér til Hofs og skaltu sitja þar í öðru öndvegi meðan þú lifir og mun eg vera þér í sonar stað.“

„Svo er mér farið,“ kvað karl, „sem þeim er ekki eiga undir sér og verður heitum heimskur maður feginn. En svo eru **heit** yður höfðingja þá er þér viljið fróa manninn eftir slíka atburði að það er mánaðarfró en þá erum vér virðir eftir það sem aðrir **framfærslumenn** og fyrnast við það seint vorir harmar. En sá maður er handsöl tekur af slíkum manni sem þú ert má þó vel una sínum hlut hvað sem að dæma er. Mun eg og þessi **handsöl taka af þér** og gakk þú nú hingað til mín í rekkjugólfið og verður þú nær að ganga því að karl skelfur nú allur á fótum fyrir elli sakar og vanheilsu en eigi trútt að mér hafi eigi í skap runnið sonardauðinn.“

Bjarni gekk nú í rekkjugólfið og tók í hönd Þórarni karli. Hann fann þá að hann þuklaði á saxi og vildi þá leggja að Bjarna.

Hann kippti hendinni og mælti: „**Allra fretkarla armastur,**“ sagði Bjarni. „Nú mun að maklegleika fara með okkur. Þorsteinn sonur þinn lifir og skal hann fara heim með mér til Hofs en þér skal fá þræla til forverks og skal þér einskis vant meðan þú lifir.“

Þorsteinn fór nú heim með Bjarna til Hofs og fylgdi honum allt til dauðadags og þótti nær einskis manns maki vera að drengskap og hreysti.

Bjarni hélt vel virðingu sinni og var hann því vinsælli og betur stilltur sem hann var eldri og var allra manna þrautbestur og gerðist trúmaður mikill hinn síðasta hluta ævi sinnar. Bjarni fór utan og gekk suður og andaðist í þeirri ferð. Hann hvílir í borg þeirri er Vateri heitir og er það mikil borg, skammt hingað frá Rómaborg.

a) (4%) Útskýrðu feitletruðu orðin og orðasamböndin

lokhvíla

snarlegur

heit

framfærslumaður

taka handsöl

allra fretkarla armastur

b) (3%) Merkið satt eða ósatt við þessar fullyrðingar

<input type="checkbox"/>	Bjarni sagði að Þorsteinn væri mikill bardagamaður.
<input type="checkbox"/>	Bjarni býður Þórarni að koma til Hofs og fá þar eigið hús til afnota.
<input type="checkbox"/>	Þórarinn rýkur upp um hálsinn á Bjarna og þakkar fyrir sig grátandi.
<input type="checkbox"/>	Þórarinn vill að þeir takist í hendur og samþykki þannig ráðahaginn.
<input type="checkbox"/>	Þorsteinn fer heim með Bjarna en er alla tíð mjög óvinsæll.
<input type="checkbox"/>	Bjarni er jarðaður í Vateri.

8. Við hverja er hér átt? (4%)

Á leið sinni til Danmerkur þarf hann að koma við í Noregi og fá leyfi konungs til að halda áfram ferð sinni. Leyfið er veitt og verða margir hissa því mikill ófriður var á milli Noregskonungs og Danakonungs. Um hverja er rætt hér ?

Vinur hans vildi endilega að hann yrði konungur yfir Íslandi en Noregskonungur var ekki alveg viss og vildi komast sjálfur að sannleikanum um gjafmildi væntanlegs konungs. Hverjir eru vinirnir?

Hann biður verndara sinn um gull og silfur til að smíða úr en fær aðeins silfur. Hverjir eiga hluta að máli?

II. hluti. Viltu vinna milljarð (25%)

(eftir Vikas Swarup)

Krossasurningar (6%)

Aðeins eitt rétt svar kemur til greina við hverri spurningu.

- Hvað er það við Föður John sem ekki getur talist við hæfi presta?**
 - Hann sniffar kókaín.
 - Hann misnotar unga drengi.
 - Hann er með tattúraða snáka á bringunni.
 - Allt ofangreint er rétt.
- Þegar Ram hafði hrint herra Shantaram niður stigann**
 - hringir hann strax í lögregluna.
 - biður hann Gudiyu um að hjálpa sér.
 - lætur hann hringja á sjúkrahús.
 - flýr hann til Delhí.
- Við hverja er átt?** „Hún eyðir þremur klukkutímum fyrir framan spegilinn við að gera andlitiið fegurra en nokkru sinni fyrr. Síðan fleygir hún öllu fegrunarkremi í klósettið og sturtar niður.“
 - Swapna Devi
 - Neelima Kumari
 - Frú Taylor
 - Lajwanti
- Hvað gefur Salim blinda söngvaranum í lestinni?**
 - Nestið sitt
 - Fjórar rúpíur
 - Hann getur aðeins gefið samúð sína.
 - Krumpaðan hundrað rúpíu seðil
- Hvað varð um bræðurna Arvind og Prakash Rao?**
 - Annar dó á geðveikrahæli en hinn fékk hjartaáfall á bar.
 - Þeir stungu af eftir að upp komst um skattasvindl þeirra.
 - Þeir voru dregnir fyrir rétt og fyrirtækið gert upptækt vegna barnaþrælkunar.
 - Arvind drap Prakash í afbrýðissemiskasti.

III. hluti. Setningafræði (50%)

Krossaspurningar (5%)

Aðeins eitt rétt svar kemur til greina við hverri spurningu

1. **Þessu megum við aldrei nokkurn tímann gleyma.**

Undirstrikaða orðið er

- frumlag.
 andlag.
 einkunn.
 atviksliður.

2. **Lagið þykir gjörsamlega misheppnað.**

Undirstrikaða orðið er

- einkunn.
 frumlag.
 andlag.
 sagnfylling.

3. **Bjóst þá Jón á fjöll upp.**

Hver er röð setningahlutanna?

- ums. – al. – frl. – fl. – al
 ums. – fl. – frl. – andl. – ums.
 sf. – ums. – frl. – tl. – frl.
 andl. – al. – frl. – al. – al.

4. **„Hann horfði á hana og það rann upp fyrir honum að hann þekkti þessa konu ekki neitt.“**

Málgreinin er þannig samsett að:

- Fyrst koma tvær aukasetningar, síðan ein aðalsetning.
 Fyrst koma tvær aðalsetningar og síðan skýringarsetning.
 Fyrst kemur ein aðalsetning, síðan koma tvær aukasetningar.
 Þetta eru þrjár aðalsetningar.

5. **Mér gengur örugglega vel í setningafræðiprófinu.**

Undirstrikaða orðið er

- aukafallsfrumlag.
 frumlag.
 andlag.
 einkunn.

6. (13%)

Skiptu textanum í aðal- og aukasetningar með lóðréttum strikum. Merktu aðalsetningar með *As* og skrifið nafn auksetninganna (skýringars., tilvísunars., spurnars. eða atvikss.) fyrir ofan þær. **Strikaðu undir sagnir í persónuháttum.**

Hann hringdi í Neyðarlínuna þegar honum tókst ekki að koma Evu til meðvitundar þar sem hún lá framan við Fæðingarheimilið gamla. Hann fann veikan púls og reyndi að hlúa að henni eins og honum framast var unnt en þorði ekki að færa hana úr stað. Áður en hann vissi af var sjúkrabíll kominn á staðinn. Evu Lind var lyft varlega á sjúkrabörur sem var rennt inn í bílinn og hann ók með hraði þann stutta spöl sem eftir var á bráðamóttökuna.

7. (2%)

Semdu setningu sem inniheldur í þessari röð:

a) Frumlag, umsögn, andlag, forsetningarlið.

frl. ums. andl.

Dæmi: [allir] [elska] [setningafræði]

8. (5%)

Finndu í vísunni sem hér fer á eftir einn tengilið, þrjár umsagnir, tvo forsetningarliði, annan með einkunn og tvö frumlög annað með einkunn.

Bágt á veslings gamla Gilitrutt
geymd á byggðasafni.
Í borgina er bóndakonan flutt
og brosir að hennar nafni,
brosir að hennar númeri og nafni.

(Þórarinn Eldjárn)

Tengiliður: _____


Umsagnir: _____

Forsetningarliður: _____

Forsetningarliður með einkunn: _____

Frumlag: _____

Frumlag/einkunn: _____



9. 25%

Greinið alla setningahluta. (frl., ums., andl., fl., al., tl., einkunn, sf., aukafallsfrl.). Dregið verður frá fyrir ranglega greind atriði (1/2 stig).

Um	herbergjum	húsum
kvöldið	sínum.	en
kemur	Svo	hefur
Bihari	hefur	engan
heim	hann	áhuga
í	upp	á
útihúsið	rödd	fátæklingunum
með	sína	sem
lík	og	þjóna
sonar	hellir	þeim.
síns	úr	Hann
í	sér	skammast
hvíttri	fúkyrðum	út
blæju.	með	í
Hann	drafandi	fínu
er	röddu.	læknana
greinilega	Hann	sem
drukkinn	svívirðir	rýja
og	engan	sjúklinga
reikull	sérstakan	sína
í	en	inn
spori.	samt	að
Hann	alla.	skyrtnni.
leggur	Hann	Hann
líkið	hellir	ákvað
í	sér	að
mitt	yfir	skrifa
steinportið	ríka	forstöðumanni
og	fólkið	sjúkrahússins
kallar	sem	bréf
alla	býr	og
út	í	mótmæla
úr	stórum	meðferðinni.